



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

**Sent til umsagnaraðila:  
ATH - aðeins sent með tölvupósti**

Reykjavík, 13. júní 2018

Tilv.: 1805013

**Varðar: Samruna N1 hf. og Festi hf. – beiðni um umsögn um framboðin skilyrði vegna áhrifa samrunans á samkeppni**

Samkeppniseftirlitið vísar til fyrri samskipta vegna rannsóknar á samruna N1 hf. (N1) og Festi hf. (Festi). Samkeppniseftirlitið hefur mótttekið nýja samrunatilkynningu vegna málsins, dags. 16. maí sl. Með bréfi þessu er markaðsaðilum og öðrum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum í þágu rannsóknar hins nýja samrunamáls.

#### **1. Fyrri rannsókn og málsmeðferð**

Tilkynning um samrunann barst Samkeppniseftirlitinu í lok október 2017. Eftir umfangsmikla rannsókn sendi Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum andmælaskjal þann 24. febrúar 2018. Í því var rökstutt það frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn raskaði samkeppni og þörf væri á íhlutun vegna hans. Íhlutun í samrunamálu getur falist annars vegar í ógildingu samruna og hins vegar í setningu skilyrða.

Hinn 5. mars 2018 óskaði N1 eftir að ganga til sáttarviðræðna við Samkeppniseftirlitið vegna samrunans. Jafnframt var upplýst að félagið hefði engu að síður í hyggju að svara andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins.

Að fengnum athugasemdum samrunaaðila við frummat eftirlitsins, sem bárust þann 12. mars 2018, varð hins vegar ljóst að ekki væru forsendur til sáttarviðræðna. Þannig lýstu samrunaaðilar sig ósammála öllum efnispáttum í frummati Samkeppniseftirlitsins, auk þess sem N1 taldi ástæðulaust að lögð yrðu skilyrði á félagið vegna samrunans. Þau skilyrði sem félagið lagði þó til gátu ekki, að mati Samkeppniseftirlitsins, afstýrt þeim samkeppnishömlum sem lýst hafði verið í andmælaskjalinu. Af þessum sökum tilkynnti Samkeppniseftirlitið félaginu hinn 14. mars 2018 að forsendur brystu til viðræðna um sátt í málinu.

Vegna sjónarmiða samrunaaðila um andmælaskjalið og frummat Samkeppniseftirlitsins réðst eftirlitið í viðbótarrannsókn á tilteknum þáttum málsins. Snéri hún ekki síst að atriðum er vörðuðu frummat eftirlitsins um Festi sem mögulegan keppinaut á eldsneytismarkaði og um mat á staðbundnum áhrifum samrunans. Aflaði Samkeppniseftirlitið tiltekinna viðbótargagna og upplýsinga vegna málsins.



Frumniðurstaða þeirrar rannsóknar, sem kynnt var samrunaaðilum með bréfi dags. 10. apríl 2018, staðfesti í meginatriðum frummat eftirlitsins um þær samkeppnishindranir sem samruninn hefði í för með sér.

Undir lok hins lögbundna frests, annars vegar þann 9. apríl og hins vegar þann 12. apríl, setti N1 loks fram tillögur að skilyrðum sem félagið taldi að gætu aukið samkeppni og orðið andlag sáttar í málinu. Með bréfum, dags. 12. og 14. apríl 2018 gerði Samkeppniseftirlitið N1 grein fyrir því að tillögurnar væru of seint fram komnar, enda væri einsýnt að ekki væri mögulegt að ráðast í fullnægjandi rannsókn á áhrifum skilyrðanna innan hins lögboðna frests. Auk þess væri verulegt álitamál hvort skilyrðin sem N1 lagði til þann 12. apríl væru fullnægjandi til að eyða þeim samkeppnishindrunum sem samruninn hefði í för með sér.

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins var ennfremur áréttað að N1 hefði haft tækifæri til að leggja fram drög að skilyrðum ef félagið teldi það þjóna hagsmunum sínum. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefði verið ærið tilefni til þess af hálfu samrunaaðila að fjalla um möguleg samkeppnisleg álitæfni tengd áformum Festi um innkomu á eldsneytismarkaðinn í samrunatilkynningu. Þannig hefði Samkeppniseftirlitið fjallað um samkeppnislega þýðingu innkomu stórmarkaða á eldsneytismarkaðinn<sup>1</sup> í frummatsskýrslu sinni frá 30. nóvember 2015. Einnig hefðu fjölmiðlar fjallað talsvert um mögulega innkomu Festi á eldsneytismarkaðinn. Enga umfjöllun hefði hins vegar að finna um þessi atriði í samrunatilkynningu. Boðað var að Samkeppniseftirlitið myndi taka ákvörðun í málinu innan lögmæltra fresta málsins.

Þann 17. apríl 2018 sendi N1 Samkeppniseftirlitinu bréf og afturkallaði samrunatilkynninguna. Ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins var að vænta þann sama dag, við lok þeirra fresta sem eftirlitið hafði til rannsóknar málsins lögum samkvæmt.<sup>2</sup>

## 2. Nýtt samrunamál

Afturköllun N1 fól í sér að málinu var lokið án ákvörðunar. Eins og áður greinir hefur N1 nú skilað inn nýrri samrunatilkynningu þar sem tilkynnt er um samrunann á nýjum grunni. Tilkynningunni fylgja tillögur að skilyrðum sem að mati N1 duga til þess að eyða þeim samkeppnishömlum sem að frummati Samkeppniseftirlitsins gætu ella leitt af samrunanum.

Samrunatilkynningin byggist á fyrri tilkynningu vegna samruna fyrirtækjanna. Jafnframt vísar N1 til allra sjónarmiða sem félagið setti fram í eldra málinu. Einnig vísar N1 til andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins í hinu fyrra máli og viðbótarrannsóknar eftirlitsins í kjölfar þess.

Af framangreindu leiðir að öll gögn og allar rannsóknir í hinu eldra máli eru hluti af hinu nýja máli. Viðfangsefni Samkeppniseftirlitsins í hinu nýja samrunamáli er því í

<sup>1</sup> Í fréttatilkynningu Samkeppniseftirlitsins var frummat þess reifað og þar sagði m.a.: „Aukin samkeppni myndi leysa úr læðingi krafta sem koma myndu samfélaginu til góða, t.d. með hagkvæmari rekstri olíufélaganna sem stuðlar að lægra verði til neytenda. Til að svo geti orðið þarf m.a. að tryggja að nýir keppinautar geti haslað sér völl á markaðnum. Reynslan erlendis frá sýnir að sjálfstæðir smásalar á eldsneyti (t.d. stórmarkaðir) geta veitt hefðbundnum olíufélögum mikið samkeppnislegt aðhald. Miklar aðgangshindranir eru hins vegar að eldsneytismarkaðnum hér á landi og því þarf að breyta.“

<sup>2</sup> Nánar er fjallað um afturköllunina í frétt Samkeppniseftirlitsins frá 17. apríl 2018, <http://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/3072>.



megindráttum að leggja á það mat hvort nýju skilyrðin dugi til þess að eyða þeim samkeppnishömlum sem að frummati Samkeppniseftirlitsins gætu ella leitt af samrunanum. Dugi skilyrðin ekki, og að óbreyttu frummati Samkeppniseftirlitsins, mun Samkeppniseftirlitið taka samrunann til endanlegrar ákvörðunar að gættum málsmeðferðarreglum.

Rétt er að áréttta að Samkeppniseftirlitið hefur enga afstöðu tekið til hinna nýju skilyrða N1.

### **3. Frummat og ný rannsókn**

Á grundvelli rannsóknar í hinu eldra máli er það frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn fari gegn 17. gr. c samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkvæmt ákvæðinu getur eftirlitið gripið til íhlutunar ef samruni hindrar virka samkeppni með því „að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti ...“. Draga má saman mikilvæga þætti þessa frum mats en hér er ekki um tæmandi talningu að ræða. Þessir mikilvægu þættir frum matsins eru:

- *Samruni við mögulegan keppinaut*  
Það er frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn feli í sér kaup á mikilvægum mögulegum keppinaut á eldsneytismarkaðnum. Það er jafnframt frummat Samkeppniseftirlitsins að Festi veiti þeim fyrirtækjum sem fyrir eru á eldsneytismarkaðnum þegar umtalsvert samkeppnislegt aðhald og að félagið verði öflugur keppinautur við innkomu á markaðinn. Þá er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé fyrir hendi nægilegur fjöldi annarra mögulegra keppinauta sem veitt geta nægjanlegt samkeppnislegt aðhald eftir samrunann. Samruni N1 og Festi kemur í veg fyrir framangreinda samkeppni. Samruni N1 og Festi felur því í sér mjög alvarlega röskun á samkeppni á eldsneytismarkaði og með vísan til alls framangreinds er að mati eftirlitsins tilefni til þess að grípa til íhlutunar á grundvelli 17. gr. c. samkeppnislaga vegna þessara áhrifa samrunans.
- *Lárétt áhrif - skaðleg röskun á samkeppni á staðbundnum svæðum í sölu dagvara og eldsneytis og fækkun keppinauta*  
Samkeppniseftirlitið hefur rannsakað staðbundin áhrif samrunans á svæði þar sem báðir aðilar selja dagvöru. Það er frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn hafi skaðleg áhrif á samkeppni á Hvolsvelli og Hellu en samrunaaðilar reka þar samtals þrjá verslanir. Grundvallast mat Samkeppniseftirlitsins á því að á því svæði er Festi nánasti keppinautur verslunar N1 í sölu dagvara auk þess sem verðþrýstingsmælikvarðar benda annars vegar til þess að umtalsvert hagræði þyrfti að leiða af samrunanum til þess að vega upp á móti þeim hvötum samrunaaðila að hækka verð í kjölfar samrunans og hins vegar að samruninn gæti leitt til verðhækkana N1, Krónunnar og Kjarvals. Því til viðbótar eru fáir keppinautar í grennd við verslanir samrunaaðila og samþjöppun á landfræðilega markaðnum mikil.
- *Skaðleg lóðrétt áhrif á eldsneytis og dagvörumarkaði*  
Það er frummat Samkeppniseftirlitsins að sökum þeirrar lóðréttu samþættingar sem myndi eiga sér stað í kjölfar samrunans yrði öðrum hugsanlegum keppinautum samrunaaðila á smásölustigi gert erfiðara um vik að komast inn á markaðinn fyrir



smásölu eldsneytis. Grundvallast sú ályktun á því mati Samkeppniseftirlitsins að hvatar hins sameinaða fyrirtækis til þess að selja eldsneyti í heildsölu og hvati dótturfyrirtækis hins sameinaða fyrirtækis, Olíudreifingar ehf., til þess að dreifa eldsneyti fyrir keppinauta samrunaaðila, minnki í kjölfar samrunans. Geti þetta haft bein áhrif á möguleika þeirra til frekari vaxtar á viðkomandi smásöllumörkuðum, þ.e. dagvörumarkaði og eldsneytismarkaði, og samhliða styrkt stöðu sameinaðs fyrirtækis á báðum þessum mörkuðum með mögulegum verðhækkunum á grundvelli aukins markaðsstyrks. Þá geti hin lóðréttu samþætting jafnframt valdið því að keppinautar hrökklist af markaðnum.

- *Skaðleg áhrif aukinna eignatengsla á dagvöru- og eldsneytismarkaði*  
Samkeppniseftirlitið hefur sett fram mat sitt á skaðlegum áhrifum aukinna eignatengsla bæði á dagvöru- og eldsneytismarkaði við samrunann.

Í fyrsta lagi hefur Samkeppniseftirlitið sett fram það mat sitt að sameiginlegt eignarhald á dagvöru- og eldsneytismarkaði sé umtalsvert og það eitt og sér leiði til þess að samþjöppun á þessum mörkuðum, mæld sem HHI, sé vanmetin. Jafnframt aukist þessi vanmetna samþjöppun á dagvörumarkaðnum vegna þeirra breytinga sem verða á stjórnskipulagi Festi í kjölfar samrunans. Þá felur samruninn það í sér í nokkrum tilvikum að sameiginlegt eignarhald fjárfesta sem eiga hlut í bæði Festi og N1, eykst í keppinautum. Á þetta við í tilviki Skeljungs og Haga.

Í öðru lagi hefur Samkeppniseftirlitið bent á að fyrir liggja að Hagar hyggjast taka yfir einn helsta keppinaut N1, Olís. Gangi þessir samrunar báðir eftir eiga öflugustu keppinautarnir á eldsneytis- og dagvörumarkaði saman mikilvægt fyrirtæki sem tengist hluta af kjarnastarfsemi þeirra. Munu fyrirtækin þannig viðhafa sambærilega starfsemi á eldsneytis- og dagvörumarkaði ásamt því að eiga sameiginlega fyrirtækið Olíudreifingu. Til viðbótar er um að ræða sameiginlegt eignarhald. Með samruna N1 og Festi kann ekki einungis starfsemi N1 að verða fyrir áhrifum vegna starfrækslu og tilhögun eignarhalds í Olíudreifingu heldur jafnframt starfsemi Festi. Að þessu leyti leiðir samruninn til breyttra aðstæðna hvað varðar eignarhald N1 á Olíudreifingu. Að mati Samkeppniseftirlitsins skapar framangreint nýjar aðstæður þegar kemur að starfsemi Olíudreifingar sem þörf er á að grípa til íhlutunar vegna.

- *Önnur atriði*  
Að frummati Samkeppniseftirlitsins hefur samruninn í för með sér skaðleg samsteypuáhrif sem leitt geta til tjóns bæði fyrir keppinauta samrunaaðila á ólíkum mörkuðum málsins og neytendur. Mikilvægt er í þessu sambandi að Festi er fyrir samrunann næststærsti dagvörusali landsins og N1 stærsta eldsneytisfélagið. Ljóst er að mikil verðmæti og hagræði felast í staðsetningum verslana og innkaupastyrk samrunaaðila um landið allt í samanburði við minni keppinauta á viðkomandi mörkuðum. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að samþætting staðsetninga og starfsemi bensínstöðva N1 og dagvöruverslana Festi muni styrkja stöðu beggja félaganna á mörkuðunum sem þau starfa. Þrátt fyrir að samsteypusamrunar geti haft jákvæð samkeppnisleg áhrif í för með sér hefur eftirlitið leitt að því líkur að samruninn geti þvert á móti haft útilokandi áhrif á núverandi keppinauta.



Með hliðsjón af öllu framansögðu er það frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn fari gegn 17. gr. c samkeppnislaga. Sökum þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að ástæða sé til að grípa til íhlutunar vegna samrunans.

Fyrir Samkeppniseftirlitinu liggur nú að taka afstöðu til samrunans á þessum nýja grunni. Sem fyrr segir felst það m.a. í því að taka afstöðu til þess hvort tillögur N1 að skilyrðum dugi til þess að eyða framangreindum ætluðum samkeppnishömlum. Sem lið í þeirri rannsókn telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að afla sjónarmiða markaðs- og hagsmunaaðila. Til frekari glöggvunar telur eftirlitið rétt að lýsa stuttlega þeim kröfum sem gerðar eru í samkeppnisrétti til skilyrða af þessum toga.

#### 4. Almennt um kröfur til skilyrða í samrunamálum

Meginreglan er sú að skilyrði í samrunamálum verða að vera þess eðlis að þau eyði þeim samkeppnishömlum sem ella hefðu stafað af samruna, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2001, *Mjólkurfélag Reykjavíkur svf., Lýsi hf. og Fóðurblandan hf. gegn samkeppnisráði*. Í þessum úrskurði kemur fram að rétt skýring á samrunaákvæðum samkeppnislaga leiði til þess að einungis geti komið til álitu skilyrði fyrir samruna sem eru til þess fallin að koma í veg fyrir þær samkeppnishömlur sem af honum stafa. Vísast í þessu sambandi einnig til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 6/2006, *DAC ehf. og Lyfjaver ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Eins og kemur fram í lögskýringagögnum er eðlilegt að hafa hliðsjón af ESB/EES-rétti við túlkun á samrunaákvæðum samkeppnislaga, sbr. og dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 277/2012, *Stjórnugrís hf og Arion banki hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Í leiðbeiningarreglum framkvæmdastjórnar ESB frá árinu 2008 um skilyrði í samrunamálum kemur fram að slík skilyrði verði að afstýra allri þeirri röskun á samkeppni sem stafar af viðkomandi samruna, sbr. mgr. 9.<sup>3</sup> Jafnframt verði slík skilyrði að vera heildstæð og árangursrík frá almennu sjónarmiði. Tilgangur samrunareglna er að vernda samkeppnislega gerð markaða með því að vinna til frambúðar gegn umtalsverðri röskun á samkeppni sem leitt getur af samrunum. Sökum þessa kemur fram í 15. mgr. í umræddum reglum að almennt beri að setja skilyrði sem lúta að gerð markaðarins (e. *structural remedies*) frekar en skilyrði sem lúta að hegðun fyrirtækja (e. *behavioural remedies*).<sup>4</sup> Slík skilyrði geta m.a. falist í sölu á eignum eða tiltekinni starfsemi til að koma í veg fyrir samkeppnishamlandi aukningu á markaðshlutdeild sem stafar af samruna. Skilyrði af þessum toga leysa hið samkeppnislega vandamál í eitt skipti fyrir öll og kalla ekki á viðvarandi eftirlit.

Varðandi setningu skilyrða og hlutverk samkeppnisyfirvalda ber að líta til þessara ummæla í úrskurði áfrýjunarnefndar í máli nr. 18/2001:

*„Með þeirri aðferð sem viðhöfð var fengu áfrýjendur ítrekað færi á að setja fram hugmyndir sínar um skilyrði til að koma í veg fyrir frekari íhlutun vegna samrunans. Óhjákvæmilegt var að leggja þessar hugmyndir til grundvallar í öllum aðalatriðum enda má ætla að stjórnendur viðkomandi fyrirtækja hafi besta þekkingu á því hversu langt verði gengið til þess að markmiðið með*

<sup>3</sup> Leiðbeiningareglurnar aðgengilegar hér: [http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52008XC1022\(01\)&from=EN](http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52008XC1022(01)&from=EN)

<sup>4</sup> Sjá m.a. 15. mgr.



*hlutabréfakaupunum og yfirtökunni gæti talist viðunandi. Samkeppnisráði var því rétt að ljúka málinu í því horfi sem það var í þegar ákvörðunin var tekin. Hefur ekki verið sýnt fram á eða gert líklegt að önnur og víðtækari skilyrði hefðu dugað sem unnt hefði verið að samrýma tilgangi áfrýjenda með hlutabréfakaupunum og yfirtökunni. Áfrýjunarnefndin fellst því á að samkeppnisráði hafi verið rétt að taka afstöðu til samrunans með þeim skilyrðum sem áfrýjandi hafði sett fram."*

Ljóst er því að fyrirtæki verða að hafa frumkvæði að því að setja fram tillögur að skilyrðum og einnig að sýna fram á „með óbyggjandi hætti að skilyrðin komi í veg fyrir þau skaðlegu áhrif sem samruninn myndi hafa í för með sér.“, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 6/2009, *ERGN Holdings Ltd. og Euro Refund Group North á Íslandi ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.<sup>5</sup> Þá ber einnig að líta til þess að í úrskurði í máli nr. 6/2006 benti áfrýjunarnefnd einnig á að „úrvinnsla eða mótun“ á skilyrðum falli ekki undir leiðbeiningarskyldu Samkeppniseftirlitsins. Í þessu samhengi er einnig rétt að líta til þeirra krafna sem gera verður til fyrirtækja sem hafa þekkingu á þeim rekstri sem um ræðir og hafa á að skipa fagmönnum, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 6/2006, *DAC ehf. og Lyfjaver ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hins vegar getur Samkeppniseftirlitið þurft að veita leiðbeiningar um hvaða „markmiðum verði að lágmarki náð með skilyrðunum“, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 11/2011, *Landsbankinn hf., Arion banki hf. og Verdis hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Samkvæmt þessum úrskurði áfrýjunarnefndar leiðir af 12. gr. stjórnarsýslulaga að Samkeppniseftirlitið verður að leggja sjálfstætt mat á hvort skilyrði samrunaaðila dugi.

Í 6. mgr. umræddra leiðbeiningareglna framkvæmdastjórnar ESB segir að það sé hlutverk viðkomandi fyrirtækja að gera tillögur að skilyrðum (e. *commitments*) og fjallað er um kröfur sem gilda gagnvart þeim. Er m.a. bent á þetta:

*„Only the parties have all the relevant information necessary for such an assessment, in particular as to the feasibility of the commitments proposed and the viability and competitiveness of the assets proposed for divestiture. It is therefore the responsibility of the parties to provide all such information available that is necessary for the Commission's assessment of the remedies proposal.“*

Í mgr. 22 og áfram í hinum leiðbeinandi regnum er lýst kröfum sem verður að gera þegar leysa á samkeppnisvandamál sem stafa af samruna með sölu eigna. Í mgr. 58. – 60. er fjallað um skilyrði sem tengjast vandamálum sem leiða m.a. af minnihlutaeign í keppinauti. Í mgr. 62. – 66. er fjallað kröfur sem gilda þegar skilyrði taka til aðgangs t.d. keppinauta að mikilvægri aðstöðu eða vöru í eigu samrunaaðila. Samkeppniseftirlitið hyggst hafa hliðsjón af þessu við mat á því hvort skilyrði N1 séu fullnægjandi.

Samkvæmt framansögðu geta viðkomandi fyrirtæki, ef þau svo kjósa, gert tillögur að skilyrðum sem þau telja að geti eytt samkeppnishömlum en (í tilviki samrunaaðila) samræmast eftir sem áður markmiði aðilanna með viðkomandi samruna eða yfirtöku. Hvilir

<sup>5</sup> Sjá einnig t.d. Bellamy & Child, *European Community Law of Competition*, sjötta útgáfa 2008 bls. 727: „It is the responsibility of the notifying parties to show that the proposed commitments, once implemented, will eliminate such competition problems.“



Þá á viðkomandi fyrirtækjum að útfæra skilyrðin með þeim hætti að þau séu skýr, vel rökstudd og augljóslega til þess fallinn að leysa hin samkeppnislegu vandamál. Hlutverk Samkeppniseftirlitsins felst á endanum í því að meta hvort skilyrðin séu fullnægjandi. Ástæða þess er sú að skilyrði sem eru sett einhliða af samkeppnisyfirlögum geta verið í andstöðu við tilgang viðkomandi samruna og meira íþyngjandi en ákvörðun um að ógilda hann. Það er ekki hlutverk samkeppnisfirvalda að endurskipuleggja samruna fyrirtækja einhliða.

## **5. Óskað er sjónarmiða um framlögð skilyrði N1**

Eins og rakið er hér að framan stöðvaði N1 meðferð fyrri rannsóknar á samrunanum, með því að afturkalla samrunatilkynningu sína þann 17. apríl sl. N1 hefur nú tilkynnt um samrunann að nýju og sett fram skilyrði sem duga að mati fyrirtækisins til þess að ryðja úr vegi þeim samkeppnishindrunum sem annars myndu leiða af samrunanum samkvæmt frummati Samkeppniseftirlitsins.

Í kafla 4 hér að framan er gerð grein fyrir þeim kröfum sem gera verður til skilyrða í samrunamáli. Ljóst er að það er val samrunaaðila hvort þeir kjósa að setja fram tillögur að skilyrðum til þess að bregðast við samkeppnishindrunum. Jafnframt er það á hendi samrunaaðila að sýna fram á að slík skilyrði þjóni markmiðum sínum.

Það er síðan hlutverk Samkeppniseftirlitsins að meta hvort umrædd skilyrði séu fullnægjandi og taka á endanum afstöðu til samrunans og mögulegrar íhlutunar. Áður en Samkeppniseftirlitið getur tekið slíka afstöðu er að jafnaði nauðsynlegt að leita sjónarmiða og upplýsinga hjá þeim sem starfa á viðkomandi markaði. Bréf þetta miðar að því.

Fyrirliggjandi tillögur N1 er að finna í fylgiskjali með hinni nýju samrunatilkynningu, sbr. meðfylgjandi gögn. Auk almennra ákvæða um þörf á íhlutun, markmið og meginefni (I. kafli) er þar að finna skilyrði sem eiga að auka aðgengi að heildsölu og birgðarými eldsneytis (II. kafli), efla samkeppni í sölu dagvöru og eldsneytis (III. kafli), tryggja sjálfstæði N1 (IV. kafli) og um önnur atriði (V. kafli). Þá fylgir tillögum N1 viðauki með tillögu til hluthafafundar Olíudreifingar ehf. Af hálfu N1 er því haldið fram að þessi skilyrði dugi til þess að bregðast við frummati Samkeppniseftirlitsins sem lýst er í 3. kafla hér að framan.

Með hliðsjón af framangreindu óskar Samkeppniseftirlitið eftir ítarlegum sjónarmiðum um tillögur N1 eins og því er lýst í bréfi þessu.

Nánar tiltekið setur Samkeppniseftirlitið fram eftirfarandi atriði sem óskað er sjónarmiða um. Er þess óskað að sjónarmið við hvern lið verði sett fram í sömu tölusettu röð og kemur fram hér á eftir. Hafi umsagnaraðili ekki sjónarmið vegna einhvers liðar er þess óskað að það komi sérstaklega fram.

1. Almenn sjónarmið um tillögur N1 og hvort þær dugi til þess að ryðja úr vegi þeim samkeppnishindrunum sem Samkeppniseftirlitið hefur bent á í frummati sínu. Sérstaklega er óskað almennra sjónarmiða um hvort tillögur N1 eyði (e. eliminate) þeirri samkeppnisröskun sem leiðir af samrunanum, sbr. frummat Samkeppniseftirlitsins, hvort tillögurnar séu heildstæðar (e. comprehensive) og líklegar til árangurs (e. effective), hvort hægt sé að koma tillögum í framkvæmd



innan skamms tíma og að lokum hvort þær séu í samræmi (e. proportional) við þá samkeppnisröskun sem þeim er ætlað að eyða.

2. Afstaða til 3., 4. og 5. gr. skilyrðanna (aukið aðgengi að heilðsölu og birgðarými eldsneytis), auk tillögu til hluthafafundar Olíudreifingar ehf. Sérstaklega er óskað sjónarmiða um eftirfarandi:

- a. Um takmörkun á gildissviði kaflans (3. gr.), þ.e. að ákvæði kaflans;
  - i. eigi aðeins við nýja aðila og aðila sem hafa lága markaðshlutdeild hér á landi,
  - ii. nái ekki til starfandi olíufélaga sem hafa komið sér upp dreifi- og birgðakerfi,
  - iii. um birgðarými og dreifingu nái aðeins til eldsneytis fyrir bifreiðar (sjá nánar d-lið).
- b. Hvort jafnræði og hlutlægni í heilðsölu (4. gr.) sé gætt með nægilega skýrum hætti gagnvart endurseljendum og um meðferð trúnaðarupplýsinga viðskiptamanna. Þá jafnframt hvort þörf sé á að tiltaka sérstaklega að N1 sé óheimilt að mismuna endurseljendum gagnvart eigin smásölu N1.
- c. Að því er varðar aðgang að birgðarými er litið svo á að byggt sé á almennum vísireglum um sanngjarna og réttmæta skilmála án mismununar (e. *FRAND – fair, reasonable and non-discriminatory*). Óskað er sjónarmið um 5. gr. og tillögu til hluthafafundar Olíudreifingar ehf. með tilliti til þessa.
- d. Óskað er sjónarmiða um áhrif þess á möguleika nýrra aðila til þess að hasla sér völl á eldsneytismarkaðnum að ákvæði kaflans um birgðarými og dreifingu nái aðeins til eldsneytis fyrir bifreiðar, þ.e. samkvæmt framboðnum skilyrðum N1 verður Olíudreifingu ekki skylt að veita nýjum aðilum aðgang að birgðarými og dreifingu fyrir aðrar tegundir eldsneytis en bifreiðaeldsneyti.
- e. Önnur atriði sem ekki eru tilgreind í tillögum N1 og æskilegt væri að séu til staðar svo hugsanlegir keppinautar samrunaaðila eigi auðveldara um vik að komast inn á eldsneytismarkaðinn.

3. Afstaða til 6. gr. (sala eldsneytisstöðva og vörumerkis Dælunnar). Sérstaklega er óskað sjónarmiða um eftirfarandi:

- a. Hvort framboðnar tillögur tryggi að burðugur keppinautur geti hafið starfsemi á eldsneytismarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu, veitt núverandi eldsneytissölum samkeppnislegt aðhald, vaxið og hafið starfsemi á öðrum landfræðilegum mörkuðum. Óskað er eftir sjónarmiðum um hvort fjöldi framboðinna eldsneytisstöðva, staðsetningar þeirra (tvær stöðvar í Kópavogi, ein í Reykjavík) og vörumerkið Dælan nægi í því samhengi.
- b. Hvaða þýðingu það hafi að um sé að ræða sölu stöðva þar sem eingöngu er selt eldsneyti í sjálfsafgreiðslu en ekki sölu eldsneytisafgreiðslu utan við dagvöruverslun (m.ö.o. ekki sama tegund keppinautar og Festi hefði orðið við innkomu á markaðinn).





- c. Hvort framboðin skilyrði um samninga við N1 og Olíudreifingu um dreifingu og heildsölu eldsneytis, auk tækniþjónustu, tryggi að kaupandi geti haldið áfram samkeppni til framtíðar. Í því samhengi er sérstaklega óskað sjónarmiða um það í hversu langan tíma sú skylda þurfi að hvíla á N1.
4. Afstaða til 7. gr. (sala á verslun Festi á Hellu). Sérstaklega er óskað sjónarmiða um eftirfarandi:
  - a. Hvort framboðnar tillögur tryggi að burðugur keppinautur komi í stað verslunar Kjarvals á Hellu. Einnig hvort framboðin skilyrði tryggi að kaupandi geti haldið áfram samkeppni á dagvörumarkaði á því svæði til framtíðar.
5. Afstaða til 8.-14. gr. (fyrirkomulag sölu). Sérstaklega er óskað sjónarmiða um kröfur til kaupenda (11. gr.).
6. Afstaða til 15. gr. (leiga á aðstöðu). Sérstaklega er óskað sjónarmiða um lengd leigutíma, leiguverð, öflun leigutilboða og staðsetningu eldsneytisafgreiðslunnar.
7. Afstaða til IV. kafla tillagnanna (sjálfstæði N1).
8. Sjónarmið um hvort þörf sé á að setja eigendum N1 skilyrði vegna samrunans, sbr. frummat Samkeppniseftirlitsins að þessu leyti. Slíkar tillögur, eðli máls samkvæmt, er ekki að finna í tillögum N1 að skilyrðum.
9. Önnur sjónarmið sem hafa þýðingu fyrir mat Samkeppniseftirlitsins á skilyrðunum.

## 6. Niðurlag

Samkeppniseftirlitið óskar eftir sjónarmiðum við meðfylgjandi samrunatilkynningu og umsögn um meðfylgjandi drög að skilyrðum vegna samrunans, í samræmi við beiðni þá sem fram er sett í 5. kafla. Þess er óskað að umsögn og sjónarmið berist eigi síðar en **miðvikudaginn 20. júní 2018**. Um heimild til að afla sjónarmiða vísast til 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan sé óskað frekari upplýsinga eða skýringa vegna bréfsins, [olafurfreyr@samkeppni.is](mailto:olafurfreyr@samkeppni.is). Senda má svör við beiðninni rafrænt á framangreint netfang.

Athygli er vakin á því að upplýsingar í bréfi þessu og fylgiskjali eru trúnaðarmál. Þá kunna upplýsingarnar að fela í sér innherjaupplýsingar skv. XIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007, sbr. reglur nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið

Ólafur Freyr Frímannsson

### Hjálagt:

Ný tilkynning vegna samruna N1 hf. og Festi hf.  
Drög N1 hf. að skilyrðum.